

6. fundur(aukafundur) haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar mánudaginn 23. ágúst 2010 á skrifstofu Langanesbyggðar fundurinn hófst kl. 12:30

Mætt voru: Jóhanna Helgadóttir, Indriði Þóroddsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Steinunn Leósdóttir, Ævar Rafn Marinósson varaoddviti, Gunnólfur Lárusson og Björn Guðmundur Björnsson sem ritaði fundargerð á tölvu.

Varaoddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboðun. Engar athugasemdir voru gerðar.

DAGSKRÁ:

1. Leiguíbúðir í Langanesbyggð.

Sveitarstjóri fór yfir að leigufélagið **V Laugavegur ehf. kt. 520503-2930** vill byggja 6 íbúðir á Þórshöfn en til að svo megi verða, verður sveitarfélagið Langanesbyggð að lýsa því yfir að sveitarfélagið mun taka væntanlegar íbúðir til leigu og gera samning við Leigufélagið **Laugaveg V** til næstu 10 ára. Fermetraverð mun verða kr. 1.500 og mun leiguverð taka breytingum í samræmi við þróun vísitölu neysluverðs. Sveitarstjóri vék að fundi

Samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að vinna áfram í málinu.

Fleira ekki gert, fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 13:06